Forseti, ágætu bæjarfulltrúar

Frístundaráð Akureyrarbæjar fjallar um jafnréttismál og önnur mannréttindamál, fjölskyldumál, tómstundamál, íþróttamál og forvarnamál í umboði bæjarstjórnar Akureyrar

Eins og hjá mörgum hafa síðustu mánuðir gjörbreytt starfsemi frístundasviðs og að einhverju leyti snúið áformum okkar á hvolf. Þannig höfum við þurft að endurskoða og breyta áætlunum eftir því sem covid 19 faraldurinn hefur þróast. Fyrir síðustu fjárhagsáætlunargerð voru lagðar til töluverðar hagræðingar sem nú eru, eðli máli samkvæmt til skoðunar. Sumum af tillögum ráðsins var hægt að hrinda í framkvæmd strax en aðrar þurftu meiri undirbúning og fór sú vinna í gang í upphafi árs. Á viðsjárverðum tímum hefur þetta ástand haft töluverð áhrif á okkar svið og því munu einhverjar af hagræðingatillögum ráðsins ganga til baka líkt og ég nefndi.

Við höfðum ætlað að draga úr atvinnuátaki fyrir 18 - 25 ára, svokallaðri sumarvinnu skólafólks. Í ljósi stöðunar á atvinnumarkaði núna er ljóst að atvinnleysi á meðal ungs fólks mun aukast umtalsvert og mjög erfitt fyrir þennan aldur að fá vinnu. Þessi hagræðingartillaga hefur því verið dregin til baka og hefur Bæjarráð falið sviðstjóra stjórnsýslusviðs að vinna könnun á mögulegri atvinnuþátttöku í sérstöku sumarátaki ungmenna.

Þá stóð til að loka Glerárlaug í sex vikur í sumar. Í ljósi tilmæla almannavarna um fjöldatakmarkanir að íþróttamannvirkjum og sundlaugum töldum við mikilvægt að geta boðið upp á opnun í tveimur sundlaugum í bæjarfélaginu. Bæjarráð samþykkti svo sl. fimmtudag að falla frá þessari aðgerð og bregðast þannig við stöðunni.

Eitt af því sem frístundaráð lagði til, var flutningur á handverksmiðstöðinni Punktinum, sem staðsettur er í Rósenborg, upp í Víðilund. Punkturinn er mikilvægur staður í tilveru margra og líta mörg sveitarfélög öfundaraugum til okkar hér á Akureyri hvað þessa starfsemi varðar. En eins ogþið vitið þá erum við með aðra tómstundamiðstöð í Víðilundi sem er fyrir aldraða og var markmiðið að gera hann öflugri og útvíkka þannig að hún væri ekki eingöngu fyrir aldraða. Auka við þjónustu með því að bjóða upp á opnunartíma 12 mánuði á ári en Punkturinn hefur hingað til aðeins verið opinn 9 mánuði á ári. Það var ljóst að Punkturinn gæti ekki farið upp í Víðilund í þeirri mynd sem hann er í dag og skipuðum við starfshóp sem í sátu fulltrúar starfsmanna og notenda sem lögðu fram tillögu um með hvaða hætti það væri hægt að koma hluta af starfseminni fyrir í Víðilundi. Sú tillaga hefur verið til skoðunar hjá starfsmönnum Umhverfis- og mannvirkjasviðs sem hafa verið að leggja mat á kostnað við þær breytingartillögur á húsnæðinu sem starfshópurinn lagði til. Til lengri tíma er það okkar mat að hagkvæmara reynist að reka eina sameinaða tómstundamiðstöð auk þess að það geti leitt til betri þjónustu. Ég trúi því enn að þetta sé vænlegur kostur en í ljósi aðstæðna í samfélaginu hefur bæjarráð á fundi sínum sl. fimmtudag samþykkt að fresta, tímabundið, flutningi á starfsemi Punktsins upp í Víðilund.

Síðastliðið haust var ákveðið að draga úr opnunartíma ungmennahúss og á þeim tímum sem aðsókn hafði verið dræm.

Og enn og aftur að áhrifum covid, en frá því að samkomubannið tók gildi hefur meira og minna öll starfsemi tengt samfélagssviði /frístundaráði legið niðri. Í starfi félagsmiðstöðva og Ungmennahúss hefur verið gerð tilraun með að halda úti rafrænni þjónustu en þar sem þjónustan byggir mikið á mannlegum samskiptum í raunheimi má segja að það verði að vera keppikefli næstu vikunnar og í sumar að koma starfseminni í fullan gang og að notendur af

þjónustunni skili sér til baka. Það þarf að vera okkar sameiginlega verkefni og á ábyrgð okkar allra.

Það má gera ráð fyrir að COVID-19 muni hafa töluverð áhrif á börn og ungmenni þegar til lengri tíma er litið. Það mun ekki koma í ljós fyrr en líður á sumarið og næsta haust hvort þau skili sér í íþrótta- og tómstundastarf eða í skólann. Fylgjast þarf vel með því hvort að skólaforðun muni aukast og eins hvort að fækkun verði í hópi þeirra 10. bekkinga sem skila sér í framhaldsnám. Búast má við aukinni félagslegri einangrun, auknu ofbeldi gagnvart börnum og fleiru. Við skulum því vera við öllu búin til þess að geta tekist á við verkefnin um leið og þau koma upp.

Mikilvægt er að efla hópastarf á miðstigi en það hefur legið niðri í vetur þar sem það vantaði mannskap. Gera má ráð fyrir að auka þurfi við starf sérfræðinga í hópastarfi en ekki var ráðið í tæplega 1.5 stöðugildi í vetur.
Starfsmenn í ungmennahúsi hafa haldið utan um Virkið sem er samstarfsverkefni hina ýmsu aðila á Akureyri sem vinna með málefni ungmenna. Mikilvægt er að við skilgreinum hlutverk hvers og eins sem er í þessu samstarfi þannig að það skili sér í aukinni og betri þjónustu við ungmenni. Einn liður í því er t.d. að bjóða upp á meiri ráðgjafaþjónustu í Rósenborg frá öllum samstarfsaðilum eða í gegnum fjarfundabúnað og það er gaman að segja frá því hér að Akureyrarbær er að ganga frá samningi við Kara Connect sem er stafræn vinnustöð fyrir sérfræðinga. Það mun vonandi auka þjónustuna og gera það að verkum að hægt er að ná betra sambandi við fleiri skjólstæðinga. Hér má einnig nefna að frístundaráð lagði á það áherslu að teknir yrðu upp mælikvarðar á starfsemi ungmennahússins til að sýna fram á hver notkun á þjónustunni raunverulega er.

Ein aðgerð við innleiðingu barnasáttmálans er að bæta aðgengi að sálfræðiþjónustu fyrir ungt fólk. Æskilegt væri að við í samstarfi við heilbrigðisþjónustuna gætum bætt úr því að töluvert ákall er eftir þessari þjónustu. Fulltrúar ungmennaráðs hafa m.a. ítrekað bent á að þessa þjónustu þarf að laga. Hér gæti Virkið mögulega verið sá vettvangur sem þarf til koma þessari þjónustu á. Virkið fékk í byrjun þessa árs veglega styrki frá VMST og barna- og félagsmálaráðherra til að auka við virkniúrræði og það ber að þakka.
FÉLAK, félagsmiðstöðvar Akureyrar halda úti viðamiklu starfi fyrir börn og unglinga á Akureyri, allt árið um kring. Þjónusta fyrir börn á miðstigi hefur verið að þróast en ekki er langt síðan þessum aldurshópi stóð lítil sem engin þjónusta til boða frá félagsmiðstöðvum bæjarins. Áhersla er lögð á leitarstarf þar sem haft er samband við skóla með að bjóða sérstaklega þeim börnum sem þurfa á styrkingu að halda en annars geta allir skráð sig til þátttöku sem kjósa. Það þýðir að í starfinu blandast saman börn sem þurfa á stuðningi að halda og svo börn sem eru félagslega sterk. Það er gott samstarf við fræðslusvið en við þurfum að breikka þetta samstarf og vinna líka náið með fjölskyldusviði.

Frístundaráð lagði til í starfsáætlun að allt tómstundastarf barna og unglinga á Akureyri yrði undir sama hatti á samfélagssviði en ekki á tveimur stöðum, eins og það er í dag en Búsetusvið hefur haldið utan um tómstundastarf fyrir fötluð börn og ungmenni. Með þessu næst vonandi meiri samlegð í starfsmannahaldi og í aukinni þjónustu við alla, óháð fötlun. Liðveisla, tómstundastarf og sumarvinna með stuðningi eru liðir sem eiga heima undir sama hatti. Beðið er eftir lagabreytingu svo að tilfærslunni geti orðið.

Forvarnir eru veigamikill þáttur í starfi frístundaráðs. Í starfsáætlun 2020 er lagt upp með að auka samstarf við framhaldsskólana. Starf forvarnarteymis verði eflt og sérstaklega verði hugað að forvarnarmálum ungmenna á aldrinum 14 - 18 ára. Í þessu samhengi verður það að vera verkefni að brúa betur bilið á milli grunn- og framhaldsskóla. Við erum í þeirri vegferð

að verða barnvænt sveitarfélag og börn eru börn til 18 ára aldurs og samfélagið má því ekki lina takið eða sleppa því þegar börn klára grunnskólann. Það verður því að ramma betur inn samstarfið við framhaldsskólana. Það er ljóst að þegar við tökum höndum saman, þá verðum við öflugari í að vinna að málefnum unga fólksins okkar. Það er vilji allra að vinna saman og á þessu sviði getum við alltaf gert betur

Vinna við nýja forvarnarstefnu er í vinnslu og aðgerðaáætlun forvarnarstefnunar verður endurnýjuð fyrir árin 2020 til 2022. Þrátt fyrir að forvarnarstefnan sem slík sé útrunninn hefur ítarleg aðgerðaáætlun ætíð verið uppfærð á tveggja ára fresti. Horft verður til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í því samhengi og þau innleidd í okkar starf.

Núna í mars var skýrslu varðandi stöðu innleiðingar á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og þeim aðgerðum sem bæjarstjórn samþykkti að fara í í byrjun árs 2019 skilað inn til UNICEF. Aðgerðaráætlunin var fyrsta skrefið í átt að barnvænu sveitarfélagi og var ætlað að styðja við alla þætti stjórnsýslunnar og aðstoða sveitarfélagið við að verða barnvænna á öllum sviðum stjórnarhátta, umhverfis og þjónustu. Markmið aðgerðaráætlunarinnar var að tryggja virka þátttöku barna og að tryggja að sjónarhorn þeirra séu gerð skil í allri ákvarðanatöku sveitarfélagsins. Fulltrúar UNICEF munu núna í maí gera úttekt á stöðu innleiðingarinnar með því að ræða við lykilstjórnendur sveitarfélagsins, fulltrúa í stýrihópi innleiðingarinnar og fulltrúa í ungmennaráði. Að þeirri úttekt lokinni mun Akureyrarbær vonandi með stolti getað sagst vera fyrsta barnvæna sveitarfélagið á Íslandi. Þeim titli verðum við að flagga og halda vel utan um þetta verkefni með nýrri aðgerðaráætlun. Ég vil nota tækifærið og þakka verkefnastjóra innleiðingar barnasáttmálans og þeim starfsmönnum sem hafa komið að þessu verkefni fyrir vel unnin störf.

Akureyri er þátttakandi í heilsueflandi samfélagi sem er mjög áhugavert verkefni sem Landlæknisembættið stendur fyrir þar sem miðað er að því að þróa samfélagslegan ramma utan um markvissa og heildræna heilsueflingu allra aldurshópa. Það má segja að það ástand sem varað hefur undanfarnar vikur hafi ýtt okkur enn meira í þá átt að vera heilsueflandi samfélag enda hafa íbúar Akureyrar verið ansi duglegir að hreyfa sig og nýtt okkar frábæru útivistarsvæði og stígakerfi bæjarins. Það verður að teljast mjög jákvætt að verið sé að vinna að nýju stígakerfi með áherslu á aukna útivistarmöguleika. Vinna að markvissri aðgerðaráætlun hefur verið í gangi og stefnt er að því að klára hana fyrir haustið. Sem samfélag verðum við að nýta þann meðbyr sem COVID-19 hefur skapað gagnvart því að fá fólk uppúr sófanum og út að hreyfa sig. Mjög mikilvægt er að koma á aukinni hreyfingu á meðal eldri borgara og leggja þarf meiri áherslu á heilsueflandi framboð í tómstundastarfi fyrir eldri borgara. Sú vinna er nú reyndar þegar hafin og er stefnt að auknu framboði strax í sumar.

Hér á Akureyri er fjölbreytt íþróttastarf sem byggt er á frjálsum félagasamtökum sem hafa sýnt það í verki að þeim er treystandi til að halda uppi öflugu íþróttastarfi. Íþróttastefnan sem kom árið 2018 og gildir til ársins 2022 er með skýra framtíðarsýn og er vinna við gerð aðgerðaáætlunar hafin.

Þar sem allt skipulagt íþróttastarf barna og unglinga hefur legið niðri síðan samkomubannið var sett á, þá vonum við að ÖLL börn snúi til baka til að stunda sína íþrótt. Íþróttir skipa stóran sess í lífi barna og ungmenna og er mikilvægur þáttur í uppeldi þeirra. Í íþróttastarfi læra börn og ungmenni aga, reglur, samvinnu, jafnrétti og læra að keppa á heiðarlegan hátt og bera virðingu fyrir öðrum. Þau læra einnig hvernig á að ná árangri, gefast ekki upp, taka ósigrum og koma vel fram við aðra.

Á síðasta fundi frístundaráðs var lagt fram minnisblað deildarstjóra íþróttamála þar sem tekin voru saman svör frá forsvarsmönnum íþróttahreyfingarinnar þegar spurt var út í hvaða áhrif COVID-19 er að hafa á starf íþróttahreyfingarinnar. Miðað við þau svör er ljóst að íþróttahreyfingin er að verða fyrir miklu fjárhagslegu höggi sem getur til lengri tíma litið bitnað á faglegu starfi og haft áhrif á barna- og unglingastarfið. Mennta- og menningarmálaráðherra skrifaði undir samkomulag við ÍSÍ sl. fimmtudag þar sem ÍSÍ er falið að útdeila 450 milljónum króna út í hreyfinguna. Hversu mikið mun skila sér til íþróttastarfs á Akureyri á eftir að koma í ljós en það er ljóst að þessi upphæð mun engan vegin duga til að koma til móts við þann skell sem íþróttahreyfingin er að verða fyrir. Það verður því áskorun á samfélagið og sameiginlegt keppikefli okkar að öll börn og ungmenni snúi aftur til æfinga og helst fleiri til.

Í íþróttastefnu Akureyrarbæjar og ÍBA stendur að á Akureyri eigi að vera færri, stærri og faglegri fjölgreinafélög í framtíðinni. Það verður að segjast eins og er að þrátt fyrir að þetta markmið hafi verið sett inn í stefnuna og m.a. eftir vinnufund með fulltrúum flestra íþróttafélaganna, þá hefur, þegar á hólminn hefur komið, illa gengið að fylgja þessu eftir. Nokkur félög hafa átt í viðræðum og á tímabili stefndi í að Fimleikafélag Akureyrar myndi sameinast annað hvort KA eða Þór og yrði deild innan þeirra raða. Því miður þá gekk það ekki eftir. Við búum því miður við það ennþá að tilfinningar ráða meiru en skynsamleg rök sem eiga að leiða til hagræðingar í rekstri og betra og faglegra utanumhaldi. Rekstrarumhverfi félaga og deilda verður erfiðara á komandi misserum í kjölfar COVID-19. Af þeirri staðreynd einni ætti það að vera keppikefli félaganna að leita allra leiða til að hagræða með hugsanlegri sameiningu við önnur félög og finna sameiginlega fleti til að vinna að. Þrátt fyrir félagafrelsi í landinu má velta því upp hvort að sveitarfélög almennt eigi ekki að stíga fastari niður fæti þegar kemur að þessum sameiningarmálum.

Frístundaráð skilaði af sér skýrslu um forgangsröðun á uppbyggingu íþróttamannvirkja til bæjarstjórnar í október á síðasta ári. Bæjarstjórn hefur tekið hana til umræðu og hafið uppbyggingu samkvæmt tillögunum, en á dögunum var samþykkt að fara í uppbyggingu á svæði Nökkva, sem var einmitt fyrst á lista í forgangsröðuninni. Ég vil nota tækifærið og þakka vinnuhópnum sem vann skýrsluna fyrir þeirra vinnu.

Eitt af áherslumálum núverandi meirihluti hefur verið að koma á aukinni samfellu í íþrótta- og tómstundastarfi. Ráðinn var sérstakur verkefnastjóri til að leiða þá vinnu og hefur hann skilað af sér tillögum til að vinna þetta verkefni áfram. Þær tillögur snúast annars vegar um að færa æfingar yngstu barna framar í stundatöfluna sem kom til framkvæmda strax sl haust, koma á svokölluðum frístundastrætó sem mun nýtast fleiri íþróttafélögum en KA-rútan gerir í dag og hins vegar er tillaga um að auka við gæðastarf í frístund og taka upp þau gæðaviðmið sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur gefið út.

Gallup framkvæmir reglulega þjónustukannanir fyrir sveitarfélög. Í niðurstöðum sem voru kynntar núna í byrjun árs kom fram í opnum svörum, þegar spurt var út í skólastarf, töluvert ákall eftir aukinni samfellu í skóla- og frístundastarfi og að sveitarfélagið ætti að bjóða upp á frístundastrætó til að losa foreldra undan því að vera á sífelldum þeytingi með börnin sín á æfingar. Rímar það vel við rannsóknir sem gerðar hafa verið við Háskólann á Akureyri um samþættingu vinnu og einkalífs, þar sem akstur vegna æfinga barna á vinnutíma var nefndur sem mikill streituvaldur foreldra á Akureyri. Í ljósi þess að það þrengir töluvert að í rekstri sveitarfélagsins er ljóst að ekki er hægt að framkvæma allar þær tillögur sem lagðar voru fram. Það verður að taka þetta í áföngum. Innleiðing á auknu gæðastarfi í frístund á að koma inn sem aðgerð í nýrri menntastefnu og framkvæma skal það í nokkrum skrefum þannig að á t.d. næstu tveimur til þremur árum hafi allir grunnskólar á Akureyri innleitt ný gæðaviðmið

um frístundastarf. Hagur okkar allra er að þetta komist á og á að vera samvinnuverkefni frístundaráðs og fræðsluráðs. Við trúum því að það takist á endanum að koma á samfellu í skóla og frístundastarfi barna, þó að fíllinn verði ekki gleyptur í einum bita. Ég er bjartsýn á að lausn verði fundin á hverjum tíma sem henti bæði börnum, foreldrum og rekstri sveitafélagsins.

Í starfsáætlun var lagt upp með að endurskoða fyrirkomulagið á sumarátaki ungmenna og skapandi sumarstörfum. Líkt og komið hefur fram hér áður verður haldið áfram með atvinnuátakið en nota á tækifærið núna í þessu COVID-19 ástandi að efla skapandi sumarstörf. Bjóða fleirum að taka þátt, auka sýnileika á skapandi starfi með tónleikum, götuleikhúsi, leiksýningum og fleiru. Með því gefum við fleiri ungmennum tækifæri til að vinna að hugmyndum sínum og eflum þau til dáða auk þess sem þau fá að vinna við það sem þeim finnst skemmtilegt. Nú þegar hefur verið haldinn einn fundur með fulltrúum Ungmennahússins, Listasafnsins og Amtsbókasafnsins og góðar hugmyndir sprottið fram. Leikhússtjóri hefur einnig sýnt áhuga á því að taka þátt í þessu með því að bjóða ungmennum að vinna að leiksýningu í sumar líkt og gert var í fyrra og gæti það hæglega verið eitt atvinnuátaksverkefni.

Endurskoðun á jafnréttisstefnu Akureyrarbæjar lauk nú í byrjun árs. Frístundaráð samþykkti á síðasta ári að útvíkka stefnuna út frá nýjum lögum sem snúa að mannréttindum en til ársins 2019 hefur jafnréttisstefna Akureyrarbæjar takmarkast við jafnrétti kynjanna í samræmi við íslenska jafnréttislöggjöf til ársins 2018. Mannréttindastefna Akureyrarbæjar var samþykkt af bæjarstjórn núna 17. mars sl. og er það ákaflega ánægjulegt að geta sagt frá því hér. Með heildstæðri mannréttindastefnu er unnið gegn margþættri mismunun og lögð áhersla á heildstæða sýn þar sem réttindi fleiri hópa en kvenna og karla eru tryggð. Bæjarstjórn samþykkti nú svo á síðasta fundi sínum nýtt skipurit fyrir samfélagssvið en þar er gert ráð fyrir að komið verði á stöðu jafnréttisfulltrúa í 50% starfi. Hlutverk þess starfsmanns verður m.a. að fylgja eftir metnaðarfullri aðgerðaráætlun sem fylgdi nýrri mannréttindastefnu.

Akureyrarbær hefur tvö síðustu ár tekið þátt í norrænu samstarfsverkefni á sviði jafnréttismála. Verkefnið sem er fyrsta sinnar tegundar, spratt upp úr #metoo byltingunni og bara yfirskriftina kynferðisleg áreitni á vinnustöðum í heilbrigðisgeiranum. Til stóð að ljúka þessu verkefni formlega með ráðstefnu í Svíþjóð þann 1. apríl sl. en sökum COVID-19 var það ekki hægt. Framkvæmd var rannsókn á meðal starfsmanna búsetusviðs og á Öldrunarheimilum Akureyrarbæjar en niðurstöður sýna meðal annars að ungar konur eru í mestri hættu að verða fyrir kynferðislegri áreitni og þjónustuþegar/skjólstæðingar eru í flestum tilvikum gerendur. Nú á allra næstu dögum verður veggspjöldum dreift inn á vinnustaði Akureyrarbæjar þar sem vakin er athygli á þessu málefni og starfsfólk hvatt til að eiga samtal um kynferðislega áreitni sem á aldrei að vera liðin. Eitt af markmiðum verkefnisins var jafnframt að þróa handbók sem er ætlað að vera verkfæri sveitarfélaga til að koma í veg fyrir kynferðislega áreitni á vinnustöðum. Ég vil meina að með þátttöku í þessu verkefni sé Akureyrarbær enn einu sinni í fararbroddi þegar kemur að jafnréttismálum sveitarfélaga og það á að vera okkar markmið að halda því áfram og ég er þess fullviss að með nýsamþykktri mannréttindastefnu og ráðningu starfsmanns til að sinna þessum málefnum tekst okkur að viðhalda því.

Ég vil nota þetta tækifæri og þakka þeim sem sitja með mér í ráðinu sem og starfsfólki fyrir ánægjulegt samstarf

Takk fyrir.